

**153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 1663 — 283. mál.**

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ásmundi Friðrikssyni um búsetuúrræði umsækjenda um alþjóðlega vernd.

- 1. Hversu mörg hótel, fjölbýlishús, íbúðir og herbergi hafa verið leigð handa umsækjendum um alþjóðlega vernd á yfirstandandi ári? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og sveitarfélögum.*

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda herbergja sem íslensk stjórnvöld tóku á leigu á árinu 2022 í tengslum við búsetu umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi, þ.m.t. hótelherbergi og aðrar herbergjacingar, greint eftir mánuðum og sveitarfélögum.

Sveitarfélag	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des	Samtals
Hafnarfjörður	92			52									144
Reykjavanesbær	50			144					21	28			243
Reykjavík	21		117			33		19	23	40	22	40	315
Suðurnesjabær						52							52
Vestmannaeyjar										15			15
Samtals	163	0	117	196	0	85	0	19	44	83	22	40	769

Á árinu 2023 hafa verið opnuð úrræði í tveimur sveitarfélögum til viðbótar. Þau eru Bláskógabyggð (Laugarvatn) og Grindavík.

- 2. Hver hefur verið kostnaður ríkisins mánuð hvern á yfirstandandi ári vegna leigu á búsetuúrræðum, öryggiseftirlits, umsjónar húsnæðis og kaupa og viðhalds á heimilistækjum og húsgögnum handa umsækjendum um alþjóðlega vernd?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá kostnað ríkisins í hverjum mánuði í milljónum króna talið á árinu 2022 vegna leigu á búsetuúrræðum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, þ.m.t. vegna öryggiseftirlits, umsjónar húsnæðis og kaupa og viðhalds á heimilistækjum og húsgögnum, eftir því sem við hefur átt.

Mánuður	Kostnaður í millj. kr.
Janúar	27,1
Febrúar	27,1
Mars	27,1
April	49,5
Maí	51,2
Júní	59,5
Júlí	59,5
Ágúst	61,4
September	61,4

Mánuður	Kostnaður í millj. kr.
Október	70,9
Nóvember	70,9
Desember	81,4

3. Hver hefur verið meðalföldi fermetra á mann í þessum búsetuúrræðum mánuð hvern á yfirstandandi ári?

Í meðfylgjandi töflu má sjá meðaltal fermetra fyrir hvern einstakling í búsetuúrræðum á vegum íslenskra stjórnvalda fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á árinu 2022, greint eftir mánuðum, en inni í fermetratölunni eru sameiginleg rými sem og rými sem nýtt eru fyrir öryggisverði og starfsmenn Vinnumálastofnunar til viðbótar við það rými sem hver umsækjandi um alþjóðlega vernd hefur til umráða.

Mánuður	Meðaltal fermetra fyrir hvern einstakling
Janúar	12,9
Febrúar	12,9
Mars	12,9
Apríl	14,7
Maí	15,8
Júní	16,1
Júlí	16,1
Ágúst	16,3
September	16,3
Október	15,7
Nóvember	15,7
Desember	15,8